

4. fundur.

Haldinn í skólanum mánudaginn 11. okt. 1976.

Hófst fundurinn klukkan 20³⁰.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Guðrún Sigurðardóttir, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnþórsson (varamaður Miðneshrepps), ásamt skólameistara og yfirkennara.

1. Öldungadeild: Í "Öldungadeild" eru 18 hópar, meðalstærð hópa er 17 nemendur. Fámennasti hópurinn er 7 nemendur en sá fjölmennasti 46 nemendur. Milli 80 og 90 nemendur eru skráðir í einni eða fleiri greinum

Ríkissjóður mun að öllum líkindum greiða 17/25 hluta kennslukostnaðar. Skólagjöld munu að öllum líkindum nægja fyrir því sem á vantar, þannig að sveitarfélögin munu ekki þurfa að greiða neinn kennslukostnað vegna "Öldungadeildar".

Próf 18 nemenda hafa verið metin af þar til skipaðri nefnd í Rvík. Þessir nemendur hafa síðan fengið ákveðna stíga-tölu út úr mati þessu.

2. Stofnkoðnaðar- og rekstraráætlun Fjölbrautaskólans rædd (sjá fylgiskjal með fundargerð). Áætlun þessa gerðu skólameistari, fræðslustjóri, yfirkennari og formaður skólanefndar.

Áætlun þessi var kynnt á fundi S.S.S. þann 7. p.m.. Var þar einnig rædd fjárhagsstaða skólans og greiðslufyrirkomulag reikninga.

Af skólans hálfu sóttu fundinn, skólameistari, yfirkennari, formaður skólanefndar og ritari skólans.

3. Vegna skorts á íþróttakennurum var ákveðið að gera leikfimi að valgrein. Við skoðanakönnun kom í ljós að um 100 nemendur höfðu áhuga á að stunda leikfimi. Var ákveðið að reyna að koma á fastri kennslu fyrir þessa nemendur í Njarðvík sem fyrst.

Þá var samþykkt að kanna hvort ekki væri möguleiki á að grindvíkingar geti fengið leikfimitíma í Grindavík með 9. bekk þar.

4. Skólameistari gat þess, að mánudaginn 18. okt. er fyrirhugaður fundur forsvarsmanna menntamálaráðuneytis og skólans. Efni þess fundar er fjárhagsáætlun skólans og greiðslur ríkisins til skólans.

Af skólans hálfu sækja fundinn skólameistari, formaður skólanefndar og yfirkennari. Fræðslustjóri umdæmisins mun einnig sækja fundinn.

5. Mötuneyti: Gengið hefur verið frá samningi við skátafélagið Heiðarbúa um leigu á Skátaheimilinu við Þringbraut. Leigutími er frá 14. sept. '76 - 14. maí '77. Leigugjald er kr. 60.000-. Ljós og upphitun er innifalið í leigunni. Skólinn ber kostnað við ræstingu og umsjón.

6. Aksturssamningur: Samþykktur var meðfylgjandi samningur við Steindór Sigurðsson (fylgiskjal með fundargerð).

7. Skólameistari upplýsti að nemendafjöldi skólans væri um 207, en ekki 230 eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

8. Félagslíf nemenda: Helgi Jóhannsson kennari hefur verið ráðinn félagsmálafulltrúi skólans. Ákveðið hefur verið að stofna nemendafélag við skólann á næstu dögum.

9. Næst var rætt um birtingar auglýsinga innan veggja skólans, bæði sem birtar verða í nafni skólans og auglýsingar óviðkomandi aðila. Var Ingólfi Halldórssyni falið að kynna sér hvaða reglur eru í nærliggjandi sambærilegum skólum um þetta efni og var honum jafnframt falið að leggja fram tillögur um þetta á næsta fundi.

10. Þann 4. okt. s.l. var stofnað stéttarfélag kennara Fjölbautaskólans. Formaður þess var kjörinn Gizur I. Helgason.

11. Keypt hafa verið kennslutæki skv. samþykkt síðasta fundar. Leiðbeinandi kom frá Filmum og Vélum, sem kynnti mönnum notkunarmöguleika tækjanna. Þá flutti Gizur I. Helgason erindi um sama efni.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið klukkan 22³⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.